

Ráðstefna og aðalfundur

Samtaka Forstöðumanna

Sund- og baðstaða á Íslandi

Fundargerð

Fundurinn haldinn á Flughótelinu í Reykjanesbæ 20 nóvember 2006.

Ráðstefnuna setti formaður félagsins Ólafur Gunnarsson kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Allir fundarmenn stóðu upp og kynntu sig.

Síðan stakk Ólafur upp á Hafsteini Ingibergssyni ráðstefnustjóra og Hartmanni Kárasyni sem ritara. Það var samþykkt.

Hafsteinn tók síðan við fundinum og gerði grein fyrir dagskrá ráðstefnunnar.

Dagskráin:

Kl. 10:10 Kynning á félaginu Fasteign sem er í eigu bæjarfélaga og banka. Bergur Steingrímsson kynnti fyrirtækið sem reynir að stuðla að hagkvæmni með stærð sinni.

Kaupréttur bæjarfélaga á húseignum er á reglulegu millibili og yfirleitt á 5 ára fresti. Félagið hefur gott aðgengi að samstarfaðilum í uppbyggingu en þó er útboðsleiðin oftast valin.

Félagið á eignir á um 13 milljarða og tekjur á síðasta ári voru um 1,3 milljarðar.

Félagið á í dag 10 skóla, 9 leikskóla og 8 sundlaugar.

Íþróttakademían var byggð fyrir 180 þús/m² á 10 mánuðum.

50 metra laug í Reykjanesbæ var byggð fyrir 650 millj.

Leigan í dag er 0,685% af verðmæti fasteignar.

Fundarmenn tóku þátt í umræðum og spurðu spurninga.

- Kl. 11:00 Erindi frá Vinnueftirliti um efnafræði og meðferð hættulegra efna. Fyrstur tók til máls Viðar Kristjánsson og ræddi um varasöm efni. Hann sagði frá lögum og reglum. Hvaða skyldur aðilar eiga sem höndla með varasöm efni. Hann sagði t.d. hvað ber sérstaklega að varast við meðferð klórs.
Ásbjörn Einarsson tók síðan við og sagði frá því hvað beri að varast í sundlaugum. Hann sagði nokkrar reynslusögur og sagði forstöðumenn þyrftu að tryggja að móttaka efna sé undir eftirliti.
- Fundarmenn spurðu fyrirlesara síðan nokkra spurninga.
- Kl. 12:30 Léttur hádegisverður á Flughótelinu
- Kl. 13:30 **Aðalfundur SFSÍ**
Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins – sjá fundargerð aðalfundar.
- Kl. 15:30 Skoðunar og fræðsluferð í nýja sundlaug Reykjanesbæjar og Listasafn (Duus hús). Mjög skemmtileg skoðunarferð þar sem vel var tekið á móti félagsmönnum.
- Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun að hætti félaga SFSÍ

Vel heppnuðum degi lauk hjá mönnum en á mismunandi tímum ☺

AÐALFUNDUR SFSÍ

HALDINN Á FLUGHÓTELI Í REYKJANESBÆ 20 NÓV 2006

Kl. 13:30 **Aðalfundur SFSÍ**
Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins

Formaður bauð alla fundarmenn velkomna til fundarins.
Gerði hann að tillögu sinni að Steinþór Einarsson yrði fundarstjóri og Hartmann Kárason yrði fundarritari og var það bæði samþykkt.

Gengið var til dagskrár.
Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar SFSÍ árið 2005 - 2006

Stjórnina skipuðu:

Ólafur Gunnarsson, formaður
Jón Hjálmarsson, gjaldkeri
Hartmann Kárason, ritari
Pétur Birgisson, meðstjórnandi
Hafsteinn Ingibergsson, meðstjórnandi

Á liðnu stjórnarári voru haldnir sex stjórnarfundir.

Sú nýbreytni var í starfinu að félagið hélt fjögur námskeið fyrir starfsfólk sund- og baðstaða. Námskeiðin fjölluðu um meðferð hreinsitækja og umhirðu klórbúnaðar. Námskeiðin voru haldin að frumkvæði SFSÍ eftir umræður og ábendingar frá félagsmönnum. Námskeiðin voru haldin á eftirtöldum stöðum: Kópavogi, Akureyri, Eskifirði og á Selfossi. Ráðgert var að halda einnig námskeið á Ísafirði en það féll niður vegna veðurs, og þarf því að koma því á aftur sem allra fyrst. Alls sóttu rúmlega 100 manns námsskeiðin, bæði frá starfsstöðum innan SFSÍ og eins frá starfsstöðum sem ekki eru meðlimir í SFSÍ.

Ef um framhald á námsskeiðum verður að ræða, þá er ljóst að framkvæmd þeirra verður að vera með breyttu sniði. Samkvæmt reglugerð er það hlutverk eiganda sund- og baðstaðar að skipuleggja fræðslu fyrir sitt starfsfólk. Sjálfsagt mál er fyrir sveitarfélög að taka sig saman og fá SFSÍ til að halda og eða standa fyrir námskeiðum en frumkvæðið á að vera hjá starfsstöðunum sjálfum.

Farin var fræðslu og skoðunarferð til Þýskalands á vordögum.

Skoðaðar voru m.a. sundlaugar og ProMinet verksmiðjurnar skoðaðar.

Meðal þess sem var skoðað, var sundlaug í héraðinu Freisen, þar sem bæjarstjórinn Wolfgang Alles hélt mótökuboð fyrir félagsmenn. Að skilnaði veitti hann SFSI skjaldarmerki héraðsins að gjöf og SFSI færði honum bók um Ísland um leið og þakkað var fyrir frábærar móttökur.

Skjaldarmerki Freisen er í umsjón gjaldkera.

Þetta var fróðleg og skemmtilega ferð sem styrkti mjög tengsl innan hópsins en nánar er sagt frá henni á innri vef SFSI.

Allar tekjur sem aflast með auglýsingum á heimasíðu SFSI renna óskiptar í Fræðslu og styrktarsjóð sem hefur það að markmiði að auðvelda félögum að kynna sér ýmis málefni er snerta vinnu þeirra sem stjórnendur sund- og baðstaða, hvort sem er með þátttöku í námsskeiðum, ráðstefnum og/eða fræðslu- og skoðunarferðum.

Auk auglýsingatekna kemur framlag úr félagssjóði.

Félagar í SFSI sem skráð hafa netföng fá sendan netpóst frá International lifesaving federation (ILS) sem SFSI er aðili að í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Dansk Svømmebadstekning Forening sendir reglulega frá sér ýmsan fróðleik, auk þess að standa fyrir ráðstefnum og námsskeiðum er snerta okkar starfsstaði.

Auk þess er ýmsum fróðleik dreift til félagsmanna t.d. Badmästaren sem kemur út ársfjórðungslega.

Stjórn SFSI hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með og kynna sér öll málefni er snerta okkar starfsstaði.

Til að félagið geti látið að sér kveða þarf virkan félagsanda, hafa áhuga á framförum, endurbótum og veita stjórn þess hverju sinni virkan stuðning sem og aðhald.

Á árinu fjölgaði starfsstöðum sem eru meðlimir í SFSI um fimm, einn starfsstaður sagði sig úr samtökunum.

Skráðir sund- og baðstaðir eru 66, félagsmenn eru samtals 72.

Október 2006

F.h. stjórnar

Ólafur Gunnarsson, formaður

Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar

Engar fyrirspurnir

Að ræðu formanns lokinni tók gjaldkeri til máls og flutti reikningsskil.

Ársreikningar lagðir fram

Jón Hjálmarsson, gjaldkeri, lagði fram ársreikning SFSÍ.

Hann fór í gegnum skýrsluna. Tekjur ársins voru tæpar 480 þús en gjöld voru upp á tæpar 940 þús. Þetta gerir gjöld umfram tekjur um 461 þús kr. Helsta ástæða fyrir þessu tapi er að breyting á netsíðu félagsins kemur inn á þetta reikningsár.

Eigið fé félagsins er rúm 283 þús.

Styrktar og fræðslusjóður stendur í 630 þús.

Lagabreytingar

A)

Ólafur kom með eina tillögu að lagabreytingu á 4 gr.

Hún var svohljóðandi:

Er

“Stjórn samtakanna skal skipuð 5 mönnum. Stjórnin skal kosin beinni kosningu á aðalfundi. Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstaklega um formann og gjaldkera og síðan þrjá meðstjórnendur.

Annað árið skal kjósa um formann og einn meðstjórnenda, hitt árið skal kjósa um gjaldkera og tvo meðstjórnendur.

Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og 3ja manna kjörnefnd til eins árs í senn.”

Verður

“Stjórn samtakanna skal skipuð 5 mönnum. Stjórnin skal kosin beinni kosningu á aðalfundi. Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstaklega um formann og gjaldkera og síðan þrjá meðstjórnendur.

Annað árið skal kjósa um formann og einn meðstjórnenda, hitt árið skal kjósa um gjaldkera og tvo meðstjórnendur.

Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins, þriggja manna kjör- og ritnefnd og þriggja manna fræðslu- og ferðanefnd til eins árs.”

B)

Guðrún Arna Gylfadóttir kom með tillögu að breytingu á sömu grein.

Bæta þessu við

“Kjörnefnd skal senda út hvatningu til félagsmanna um framboð minnst tveimur vikum fyrir aðalfund”

Þessar breytingar voru báðar samþykktar á 4 grein laga og veður hún svohljóðandi eftir breytingu:

“Stjórn samtakanna skal skipuð 5 mönnum. Stjórnin skal kosin beinni kosningu á aðalfundi. Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstaklega um formann og gjaldkera og síðan þrjá meðstjórnendur.

Annað árið skal kjósa um formann og einn meðstjórnanda, hitt árið skal kjósa um gjaldkera og tvo meðstjórnendur.

Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins, þriggja mann kjör- og ritnefnd og þriggja mann fræðslu- og ferðanefnd til eins árs.

Kjörnefnd skal senda út hvatningu til félagsmanna um framboð minnst tveimur vikum fyrir aðalfund”

C)

Ákvörðun um ársgjald

Steinþór kynnti tillögu um hækkun á breytingu á ársgjaldi félagsins í 12000 kr. Hún var samþykkt einróma.

Kosning stjórnar

Kosning stjórnar samkvæmt 4 gr. laga.

Daníel Pétursson, formaður kjörnefndar, tók til máls og kynnti framboð til stjórnar.

Jón Hjálmarsson, Pétur Birgisson og Hafsteinn Ingibergsson eiga eftir eitt á af sínu kjörtímabili.

Hafsteinn Ingibergsson Njarðvík býður sig fram til formanns.

Gunnar Hallsson Bolungarvík sig fram sem meðstjórnanda og Guðrún Arna Gylfadóttir Vesturbæjarlaug bíður sig fram sem meðstjórnandi til eins árs í stað Hafsteins.

Stjórnarkjör samþykkt samhljóða.

Til endurskoðunar reikninga SFSI voru í framboði Guðmundur Ísidórsson IMG og Einar Sturlaugsson Sundhöll Hafnarfjarðar.

Samþykkt samhljóða

Í Kjör og ritnefnd voru kosnir,

Daníel Pétursson, Guðmundur Harðarsson og Hafliði Halldórsson.

Í Fræðslu og ferðanefnd voru kosnir:

Ólafur Gunnarsson, Hartmann Kárason og Logi Sigurfinnsson.

Önnur mál

Ólafur Gunnarsson

Ólafur þakkaði kærlega fyrir sig og lýsti yfir ánægju sinni með síðustu stjórn.

Hafsteinn Ingibergsson

Þakkaði traustið og fór yfir hvernig dagskráin eftir aðalfund yrði.

Pétur Birgisson

Kom upp og lýsti yfir ánægju með að starfa með Ólafi. Í þakklætisskyni gaf hann honum mikið og merkt bendiprik sem hann afhenti honum. Ólafur þakkaði fyrir sig og ljómaði að sjálfsögðu af ánægju ☺

Ekki var fleira undir öðrum málum og Hafsteinn fór með lokaorð og sleit fundi.

Aðalfundi slitið.